

19. mars 2024

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar hefur stofnað sérstakan menningarsjóð til að hlúa að tónlistarlífi í dvalar- og hjúkrunarheimilum og félagsmiðstöðvum eldri borgara í Kópavogi en árið 2024 hefur verið lögð til hliðar ein milljón króna til að styrkja tónleikahald af því tagi í Kópavogi.

Árlega berst í menningarsjóð lista- og menningaráðs fjöldi umsókna frá tónlistarfólki sem óskar eftir styrk til að geta boðið upp á gjaldfrjálsa tónleika fyrir eldri borgara í Kópavogi. Sá áhugi er mjög ánægjulegur og fjöldi slíkra verkefna hefur orðið að veruleika vegna stuðnings frá lista- og menningarráði. Á hinn bóginn er mikilvægt að tekið sé mið af þörfum íbúa og gesta dvalarheimilanna og félagsmiðstöðvanna þegar ákvarðanir um tónlistarflutning eru teknar og að jafnræðis sé gætt, að tónleikarnir dreifist jafnt á milli heimila og miðstöðva og ákvörðun um tónlistarval og tímasetningu falli að þörfum íbúa og gesta. Því er stofnun sjóðs af þessu tagi mjög ánægjulegt framtak sem ber að fagna.

Í Kópavogi eru starfrækt hjúkrunarheimilin Roðasalir og Sunnuhlíð auk félagsmiðstöðvanna Boðinn, Gjábakki og Gullsmári. Undirrituð mun setja sig í samband við forstöðufólk þessara stofnana og heimila í því skyni að kanna hvernig hægt er að nýta þessa fjármuni sem best. Á þessum dvalarheimilum og félagsmiðstöðvum er stór hópur fólks úr ólíkum áttum og með afar ólíkar þarfir og getu og því þarf að vega og meta hvernig hægt er að koma til móts við sem flesta.

Á næsta fundi lista- og menningarráðs væri hægt að kynna niðurstöður úr þessum heimsóknum og leggja fram tillögur að tónlistardagskrá fyrir þennan dýrmæta hóp Kópavogsbúa en dagskráin væri sett saman í samráði og samtali við forstöðufólk heimilanna.

Með kærri kveðju,

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Viðburða- og verkefnastjóri menningarmála í Kópavogsbæ